

# RÍKISSAKSÓKNARI

## Fyrirmæli

Útgáfudagur:

31. mars 2023

Gildistaka:

31. mars 2023

RS: 2/2023

Kemur í stað RS: 1/2020

### Efni: Tilkynningar til brotþola og réttargæslumanna

---

Samkvæmt lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 ber ákærvaldinu að sjá um að brotþolum sé tilkynnt um stöðu og afgreiðslu máls eins og hér segir:

1. Að kæru hafi verið vísað frá eða rannsókn máls hætt, sbr. 4. mgr. 52. gr. sml.  
2. mgr. 40. gr. og 5. mgr. 52. gr. sml.
2. Að mál hafi verið fellt niður vegna sönnunarskorts, sbr. 145. gr. sml.  
2. mgr. 40. gr. og 1. mgr. 147. gr. sml.
3. Að fallið hafi verið frá saksókn í máli, sbr. 146. gr. sml.  
2. mgr. 40. gr. og 1. mgr. 147. gr. sml.

**Jafnframt ber að kynna brotþola rétt hans til að óska eftir rökstuðningi fyrir ofangreindum ákvörðunum og rétt hans til að kæra ákvörðun til ríkissaksóknara.**

4. Að ákæra hafi verið gefin út í máli. Tilkynna skal þegar ákæra hefur verið birt nema brotþoli hafi áður fengið vitneskju um hana.  
3. mgr. 40. gr. sml.
5. Niðurstöðu dóms, jafnt héraðsdóms og áfrýjunardóms, eða afdrif máls að öðru leyti, enda hafi hagsmuna brotþola ekki verið gætt fyrir dómi.  
3. mgr. 40. gr. sml.
6. Lögregla eða ákærandi skal upplýsa brotþola eða réttargæslumann um ef sakborningur eða ákærði hefur verið úrskurðaður í eða látinn laus úr gæsluvarðhaldi vegna gruns um brot gegn XXII.–XXIV. kafla almennra hegningarlaga eða atvik máls eru þannig að öðru leyti að telja verður mikilvægt fyrir brotþola að vera upplýstur um það.  
4. mgr. 97. gr. sml.
7. Ef héraðsdómi hefur verið áfrýjað skal ríkissaksóknari tilkynna brotþola um það. Sama á við ef óskað hefur verið leyfis Landsréttar til að áfrýja dómi héraðsdóms skv. 2. mgr. 198. gr. og 5. mgr. þessarar greinar.  
6. mgr. 199. gr. sml.
8. Ef sótt hefur verið um leyfi til að áfrýja dómi Landsréttar skal ríkissaksóknari tilkynna brotþola um það, sem og ef fallist er á slíka beiðni.  
6. mgr. 217. gr. sml.

Tilkynningar þessar skulu vera skriflegar.

Hlutverk réttargæslumanns er að gæta hagsmuna brotþola og veita honum aðstoð í málinu, sbr. 45. gr. sml. Til þess að rækja þetta hlutverk er mikilvægt fyrir réttargæslumann að fá sem gleggstar upplýsingar frá ákærvaldinu um stöðu máls og afgreiðslu. Þess vegna er hér með mælt fyrir um, enda ekki fyrirskipað berum orðum í sml., að tilkynna skal réttargæslumanni, hafi hann verið tilnefndur eða skipaður, sbr. 41. gr. og 42. gr. sml., eða lögmanni brotþola, sbr. 43. gr. sml., um stöðu máls eða afgreiðslu þess jafnframt brotþola sjálfum.

Sigríður J. Friðjónsdóttir  
ríkissaksóknari